

Vefstefna

Vefstefnu Tækniskólans er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir vef- og samfélagsmiðla Tækniskólans. Vefstefnan á við um alla miðla sem skólinn tengist og fylgja þarf verkreglum í vefhandbók varðandi notkun á miðlum hans.

Markmið

Markmið vefsíðu skólans er að vera upplýsingaveita og gefa skýra mynd af starfi skólans, bjóða upp á notendavæna þjónustu til nemenda, starfsmanna og annarra notenda. Vefurinn þjóni hlutverki sínu til miðlunar upplýsinga, um innri og ytri starfsemi með áherslu á gildi Tækniskólans.

Tækniskólinn nýtir samfélagsmiðla til að auka upplýsingaflæði og eiga í samskiptum við nemendur, starfsmenn og hollvini skólans með áherslu á kynningu á námi, námskeiðum og þjónustu. Allir vefir sem tengjast skólanum skulu vera auðkenndir með merki Tækniskólans.

Áhersla - Leiðarljós

- **Fræðsla** – að allar upplýsingar um námsleiðir, námskeið og starfsemi Tækniskólans séu aðgengilegar
- **Þjónusta** - auðvelt að finna upplýsingar og sækja notendavæna þjónustu
- **Einfaldleiki** - að efni og framsetning á vef sé einföld
- **Gæði** – að efni sé uppfært reglulega og vefurinn birti ávallt nýjustu upplýsingar
- **Virgni** – að vefurinn virki óháð tækjum og tali við nýjustu og algengustu kerfi

Aðgerðir og leiðir

Vefstefnu fylgir vefhandbók fyrir vefinn sem inniheldur m.a.:

- Ritstefnu
- Upplýsingar um ábyrgð og uppfærslu á efni miðlana
- Almennar verklags- og viðmiðunarreglur þ.m.t. ritstjórnarverklag og ábyrgð
- Leiðbeiningar um útlit og uppsetningu
- Tæknilegar leiðbeiningar

Verklag við vefinn sé samkvæmt vefhandbók og uppfærð vefhandbók skal ætíð vera aðgengileg starfsmönnum í gæðahandbók.

Í vefráði sitja fulltrúi stjórnenda, upplýsinga- og alþjóðadeildar, tölvu- og tæknideildar og áfangastjórnar ásamt vefstjóra.